



ÞINGERÐ GOLFPINGS

Fjölbrautaskóli Garðabæjar, 21. nóvember 2015

Þingsetning

Haukur Örn Birgisson, forseti GSÍ setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna. Forseti gerði grein fyrir þeim gögnum sem dreift væri til þingfulltrúa sem voru, Ársskýrsla 2015 þar sem fram kæmi skýrsla stjórnar og ársreikningur sambandsins fyrir árið 2015 ásamt tillögu að fjárhagsáætlun ársins 2016. Að auki voru bæklingar um “Framtíðarsýn Eimskipsmótaraðarinnar” og “Sjálfbærnivottun fyrir rekstur og umsjón golfvalla”.

Innganga nýrra golfklúbba

Haukur tilkynnti að enginn nýr golfklúbbur hafi verið stofnaður frá síðasta þingi.

Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd

Forseti kom með tillögu um Hörð Geirsson, Áslaugu Sigurðardóttir og Garðar Svansson og var tillagan samþykkt og tók kjörbréfanefnd strax til starfa.

Kosning þingforseta

Forseti bar upp tillögu um Júlíus Rafnsson sem 1. þingforseta og Bergþóru Sigmundsdóttur sem 2. þingforseta og hlutu þau samþykki þingfulltrúa.

Kosning fyrsta og annars þingritara

Þingforseti bar upp tillögu um Sigurð Elvar Þórólfsson sem 1. þingritara og Arnar Geirsson sem 2. þingritara og hlutu þeir samþykki þingfulltrúa.

Þingforseti Júlíus Rafnsson tók við stjórn fundarins og þakkaði hann traustið sem honum var sýnt.

Skýrsla stjórnar

Haukur Örn Birgisson forseti fór yfir skýrslu stjórnar. Skýrslan í heild er að finna í Ársskýrslu 2015. Í lokin var fjórir heiðraðir gullmerki GSÍ, það voru Páll Ketilsson sem ritstýrði tímaritinu Golf á Íslandi í 14 ár. Gylfi Kristinsson og Bergþóra Sigmundsdóttir sem hættu bæði í stjórn GSÍ. Hörður Þorsteinsson framkvæmdarstjóri fékk gullmerki fyrir vel unninn störf í 16 ár. Sjálfbóðaliði ársins var valinn Viktor Elvar Viktorsson úr Leyni en hann sagðist taka við þessu fyrir hönd allra klúbbfélaga í Leyni sem lögðu hönd á plóginn fyrir Íslandsmótið.

Eggert Ágúst Sverrisson varaforseti gerði grein fyrir þeirri vinnu sem hefur átt sér stað um stefnu golfhreyfingarinnar sem samþykkt var á síðasta golfþingi. Stofnaðir voru fimm verk hópar til að vinna með hvert markmið og setja fram verkefnaáætlun í hverjum hópi. Jafnframt er það hlutverk hópanna að skrá það sem hefur áunnist og tímasetja næstu verkefni.

Nú væri komið að því að hver hópur gerði stuttlega grein fyrir framvindu stefnunnar og hver væru næstu verkefni í að framfylgja stefnumörkun sambandsins.

1. Jón Júlíus Karlsson fór fyrir útbreiðsluhóp þar sem 12 þáttakendur voru skráðir í hópinn og hélt hópurnir fjóra fundi á tímabilinu. Gerði hann stuttlega grein fyrir því sem hefði verið hrint í framkvæmd en það voru útbúnar sjónvarpsauglýsingar, gerðar tilraunir með breytingar á teigamerkingum, Golfdagar fyrir almenning í Kringlunni og Básam, Leikhraði aukinn með tímavörðum á Eimskipsmótaröðinni og settar upp klukkur á teiga. Næstu verkefni væru svo að skoða fyrirkomulag og áhrif fyrirtækjaklúbba, fjölga börnum og unglingum, útbúa fleiri auglýsingar í sjónvarpi og fyrir samfélagsmiðla, reikna út þjóðhagslegan ávinning af þátttöku landsmanna í golfi og útbúa leikhraða bækling til almennrar dreifingar.



2. Haukur Örn Birgisson kynnti störf samskiptahóps en verkefnastjóri var Gylfi Kristinsson og voru 10 þátttakendur skráðir í þann hóp, auk þess sem skipaður var sérstakur hópur um framkvæmd Eimskipsmótaraðarinnar. Þau verk sem ráðist hafði verið í voru eftirtalin, útgáfa Golf á Íslandi og vinnsla fréttar á golf.is, sameinuð á skrifstofu GSÍ, þróun á golf.is, miðlæg félagaskrá, samræming í mótahaldi, endurskoðun á Eimskipsmótaröðinni. Næstu verkefni verða, app fyrir golf.is og golfreglur, taka út tölvukerfi GSÍ, Breytt Golf á Íslandi og golf.is, bæta umgjörð á mótum GSÍ og gefa út mótahandbók, taka saman skilgreiningar um hvernig megi flokka golfvelli og auka samstarf við PGA og LEK.
3. Bergþóra Sigmundsdóttir kynnti niðurstöður úr hópi þeirra sem fjallaði um barna- og unglíngastarf. Þátttakendur voru 12 og voru haldnir 5 fundir. Helstu áherslur voru hvatning um breytta aðild barna og unglíngastarf að koma út. Setja upp styttri teiga og vera með mót á þeim. SNAG kynning til íþróttakennara og í skólum. Lagt til að gera forgjafarkerfið aðgengilegra fyrir byrjendur og grunnforgjöf verði 54. Hvatt verði til að golfklúbbarnir setji á stofn foreldraráð og útbúinn verði leiðarvísir fyrir þau. Komið verði á grunnskólamótum og framhaldskólamótum. Næstu verkefni er meðal annars að koma golfíþróttinni inni kennsluskra íþróttaháskólanna og hefja kynningarstarf í öllum grunnskólum landsins. Gerð verði úttekt og viðskiptaáætlun á hvar unnt er að vera með æfingavelli með 3-6 holum.
4. Hörður Þorsteinsson kynnti störf umhverfishóps en þátttakendur í honum voru 8 talsins og héldu fjóra fundi. Bæklingar um sjálfbærni var dreift til sveitarfélaga og upplýsingar hvernig klúbbar fá GEO vottun. Tveir klúbbar fengu fullnaðarvottun, GK og GL og stefnan er að allir golfvelli á Íslandi fái vottun. Aukið samstarf verði við háskólasamfélagið. Hópurinn taldi mikilvægt að kynna fyrir sveitarstjórnarmönnum mikilvægi golfvalla. Koma á umhverfisverðlaunum til að vekja athygli á mikilvægi sjálfbærni og leita leiða til að auka aðgengi annarra en kylfinga að golfvöllum með lagningu göngu-, reið- og hjólastíga.
5. Verkefnastjóri yfir afrekshóp, Gunnar Gunnarsson fór yfir helstu áherslur en með honum starfaði afreksnefnd GSÍ sem í sitja landsliðsþjálfari, fulltrúi PGA og stjórnarmenn. Stofnað var fagteymi þar sem í sitja sjúkraþjálfarar, sálfræðingar og læknar. Opnuð var sérstök vefsíða fyrir afrekssvið og Forskot. Forgjafarviðmið afreksstefnunnar voru uppfærð. Framlög til afreksmála séu jöfn til karla og kvenna – tekið upp kynjabókhalda. Evrópumót kvenna á Íslandi 2016. Þátttaka á Heimsmeistaramóti áhugamanna í karla- og kvennaflokki. Aukin samskipti við háskólaþjálfara og aðstoð við kylfinga sem stefna á nám. Fjölga fyrirtækjum í Forskot og efla þannig stuðning við atvinnukylfinga okkar. Styðja kylfinga til að taka þátt í fleiri verkefnum sem tryggt getur þeim þátttökurétt á Evrópumótaröðinni, s.s. Nordic mótaröðinni og öðrum mótaröðum. Styðja við PGA í að bjóða uppá öfluga endurmenntun fyrir golfkennara. Eitt af mótum Eimskipsmótaraðarinnar verði í framtíðinni hluti af Nordic mótaröðinni.

Þorvaldur Þorsteinsson framkvæmdastjóri úr Golfklúbbnum Oddi kynnti hvernig breyting á teigamerkingum hefðu tekist til á Urriðavelli. Hann sagði viðtökur klúbbfélaga hafi verið mjög góðar. Taldi hann að karla- og kvennateigs hugsun hafi verið útrýmt og karlar færðu sig á fremri teiga. Þó að klúbburinn hafi gefið út leiðbeinandi forgjafarviðmið á teiga var ekki hægt að sjá að breytingar á leikhraða hafi árið milli ára. Það tók ca. mánuð að innleiða þetta og heilt yfir var þetta jákvæð breyting sem hafði í för með sér jafnara álag á teiga. Kostnaður var



um 1.5 milljónir við að breyta öllum teigmerkjum.

Kjörbréfanefnd gerir grein fyrir störfum sínum

Hörður Geirsson kom fram fyrir hönd nefndarinnar. Kjörbréf voru lögð fram frá af 33 golfklúbbum með samtals 122 þingfulltrúa af rúmlega 199 mögulegum. Kjörbréfanefnd lagði til að þingið samþykkti kjörbréfin. Þingforseti bar þá tillögu upp til samþykktar og voru kjörbréfin samþykkt einróma.

Reikningar GSÍ

Kristín Guðmundsdóttir gjaldkeri, kynnti reikninga sambandsins. Þakkaði Eggerti fyrrum gjaldkera og sagðist hafa tekið við góðu búi. Fjárhagsnefnd hélt 19 fundi frá síðasta golfþingi. Gerði hún grein fyrir undirskrift og samþykkt stjórnar á reikningunum og áritun félagskjörinna endurskoðenda, þeirra Ómars Kristjánssonar og Stefáns Svavarssonar. Þá fór hún stuttlega yfir alla liði rekstrar- og efnahagsreikning sambandsins fyrir árið 2015.

Niðurstaðan var tap var 1.5 milljón en samkvæmt áætlun var gert ráð fyrir hagnaði upp á 1.9 milljón. Lægri tekjur komu frá samstarfsaðilum en gert var ráð fyrir. Rekstrargjöld voru á pari við áætlun. Kostnaður starfsmanna var fluttur yfir á hvert svið. Hagnaður af útgáfusvið var upp á 3 milljónir. Afrekssvið fór 3 milljónir fram úr í keppnisferðum. Samningur við RÚV var einni milljón krónum hærra en gert var ráð fyrir. Þjónustusvið, tölvukerfi golf.is er innan áætlunar. Stjórnunarsvið og heildarlaunakostnaður hækkaði milli ára.

Fulltrúi ÍSÍ Garðar Svansson tók til máls. Þakkaði fyrir góða framistöðu kylfinga á smáþjóðaleikunum og jafnframt gott samstarf við GSÍ og við landsliðsþjálfarann, Úlfar Jónsson. Hann færði kveðju frá forseta ÍSÍ Lárusi Blöndal. Einnig óskaði hann Hauki Erni Birgissyni til hamingju í stjórnarkjörið í EGA og Herði Þorsteinssyni fyrir samstarfið á liðnum árum. Óskaði góðs starfs á þinginu.

Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins

Ingi Þór Hermannsson formaður GO tók til máls. Hann benti á að GSÍ greiði 6 milljónir til RÚV, vonar að þetta verði rætt í nefnd á eftir og spyr hvort að þetta sé einhvers virði. Hann undirstrikaði að golf á að vera skemmtilegt og teigmerkingar skipta þar máli. Golfklúbburinn Oddur á að halda Evrópumót kvenna á næsta ári, og þakkaði hann það traust. Þakkaði gott starf í stefnumótun.

Björn Víglundsson formaður GR tók næstur til máls og sagði gríðarlega mörg verkefni vera í stefnumótun GSÍ. Nú þyrfti að finna aðalatriðin og keyra á þau. Kannski erum við að reyna gera of mikið á of skömmum tíma.

Ekki tóku fleiri til máls og voru reikningar bornir upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

Kosning kjörnefndar og í starfsnefndir þingsins

Stungið var upp á Auðunni Guðjónssyni, Elsu Valgeirsdóttur, Inga Þór Hermannssyni í kjörnefnd og samþykkti þingheimur það einróma.

Þá var stungið uppá að Eggert Ágúst Sverrisson færi fyrir allsherjarnefnd, Bergþóra Sigmundsdóttir laganeftir, Jón Júlíus Karlsson fyrir mótaneftir, Kristín Guðmundsdóttir fyrir fjárhagsneftir og Gunnar Gunnarsson fyrir afrekseftir. Allir þingfulltrúar hafa rétt til setu í starfsneftindum og voru þingfulltrúar hvattir til að starfa í nefndunum.

Framlagning stjórnar á fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil

Kristín Guðmundsdóttir gjaldkeri fór stuttlega yfir rekstraráætlun 2016. Gert er ráð fyrir



hækkun rekstrartekna, frá samstarfsaðilum og einnig er lagt til að félagagjald verði hækkað. Mikilvægt að fá inn auknar tekjur í gegnum styrktaraðila og mætti búast við auknum útgjöldum vegna Evrópumóts á Urriðavelli.

Lagðar fram lagabreytingar

Bergþóra Sigmundsdóttir, kynnti lagabreytingar sem borist hafa stjórn með löglegum fyrirvara og var þeim vísað í laganefnd til umfjöllunar.

Lagðar fram aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa stjórn

Haukur Örn Birgisson, gerði grein fyrir tillögum vegna framtíðarsýnar um mótaráð þeirra bestu.

Ágúst Jensson GA óskaði eftir að koma að breytingartillögu við framtíðarsýn um Eimskipsmótaráðina fyrir hönd nokkurra klúbba á landsbyggðinni. Í tillögum nefndarinnar sem Haukur Örn gerði grein fyrir væri lagt til að 4 af hverjum 5 Íslandsmótum yrðu haldinn á höfuðborgarsvæðinu, því er harðlega mótmælt og er lagt til að sú setning verði felld út, en skipuð verði nefnd til að flokka golfvelli með hliðsjón af þarfagreiningu á því hvað golfvöllur þarf að uppfylla til að vera hæfur til að halda Íslandsmót
Þá vildi Ágúst nota tækifærið og þakka Herði framkvæmdastjóra fyrir samstarfið á liðnum árum fyrir hönd SÍGÍ.

Júlíus Rafn, leitar afbrigða um að tillagan fengi afgreiðslu og var það samþykkt einróma að hún yrði tekin fyrir.

Opnað var fyrir umræður um tillögur sem fram voru komnar um Eimskipsmótaráðina. Enginn tók til máls og var tillögum vísað í mótanefnd til umfjöllunar.

Lagðar fram tillögur frá stjórn GSÍ um breytingu á GSÍ kortum. Þingforseti lagði til að henni yrði vísað til allsherjarnefndar og var það samþykkt.

Þá var lögð fram tillaga frá Golfklúbbi Brautarholts um breytingu á notkun GSÍ korta og var henni jafnframt vísað til allsherjarnefndar.

Næst á dagskrá var tillaga frá Golfklúbbi Brautarholts um að beina því til stjórnar GSÍ að hægt væri að spila breytilegan fjölda hola til forgjafar og var tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Að síðustu var lögð fram ályktun frá stjórn GSÍ um að stofnum yrði nefnd til að fjalla um tölvukerfi sambandsins, golf.is og var ályktuninni vísað til allsherjarnefndar.

Þá gerði þingforseti grein fyrir nefndarstörfum sem hæfust að loknu hádegisverðarhléi og hvatti þingfulltrúa til að taka þátt í nefndarstörfum.

Niðurstöður nefnda

Laganefnd

Bergþóra Sigmundsdóttir kynnti störf laganefndar og þær breytingar á lögum sem lagðar voru fyrir þingið. Góðar umræður voru um tillögurnar í nefndinni og var tillaga stjórnar samþykkt með smávægilegum breytingum. Um var að ræða tillögur um að á golfþingi skuli kjósa 5 manna kjörnefnd sem starfi til loka næsta þings og að tilkynningar um framboð til embætta skuli berast skrifstofu GSÍ eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing. Þá er lagt til að stjórn GSÍ skuli skipuð 11 mönnum í stað 7 áður, en jafnframt verði felld út að kjósa skuli 3 menn í varastjórn. Í 18. gr. laga er lagt til að úrskurðum Aganefndar sem kveða á um keppnisbann í meira en þrjá mánuði eða keppnisbann í fleiri en sex mótum sé heimilt að skjóta til dómstóls



GSÍ.

Samhliða þessum tillögum er lagt til að töluliðir breytist í samræmi við framlagðar tillögur og jafnframt eru lagðar fram tillögur um leiðréttingar á lögum s.s. að leikið sé eftir reglum R&A Rules Limited í stað The Royal and Ancient Golf Club of St. Andrews í samræmi við alþjóðlegar breytingar umsýslu golfreglna.

Allsherjarnefnd

Vildarkort GSÍ

Gunnar Páll Pálsson kynnti störf allsherjarnefndar. Miklar umræður voru í nefndinni um GSÍ kortin og var samþykkt í nefndinni að í stað þeirra tillagna sem vísað var til nefndarinnar um kortin að vísa því til stjórnar að gefa út nýja reglugerð um útgáfu og notkun GSÍ fríkorta sem breytt yrði með þeim hætti að gefin verði út GSÍ vildarkort sem veiti handhafa þess og gesti. Kortin veiti heimild til að leika tvo hringi á hverjum golfvelli innan GSÍ gegn kr.1.500 kr. gjaldi. Þá fái golfklúbbar sem reka eingöngu 9 holur heimild til að gefa út allt að 14 vildarkort.

Nokkrar umræður voru um þessa tillögu og misjafn skilningur þingfulltrúa á tillögunni og var þar helst tekist á um hvort GSÍ hefði heimild til að gefa út sérstök kort til samstarfsaðila GSÍ og að skrifstofa sambandsins hefði milligöngu um greiðslu fyrir þá. Meirihluti nefndarmanna var ósammála þeirri túlkun og að einungis yrðu gefin út ein tegund vildarkorta.

Tillaga allsherjarnefndar um vildarkort GSÍ var því næst borin undir atkvæði og samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

Forgjafarkerfi

Þá tók nefndin til umræðu tillögu um breytingar á forgjafarkerfi frá Golfklúbbi Brautarholts, þar sem lagt var til að forgjafarkerfið yrði aðlagð breytilegum holufjölda. Þar sem GSÍ er aðili að forgjafarkerfi EGA og skuldbundið til að fylgja þeim reglum sem um það gilda, er ekki möguleiki til að taka upp einhliða breytingar á forgjafarkerfinu hér á landi og var því lagt til að tillögunni yrði vísað frá og kæmi því ekki til afgreiðslu á þinginu.

Tölvumál

Nefndin fjallaði að lokum um ályktun um að skipa starfshóp til að gera úttekt á tölvukerfi sambandsins og var hún samþykkt í nefndinni með smávægilegri orðalagsbreytingu um að starfshópurinn skili tillögum að “heildarendurskoðun” í stað “tillögum að þróun og breytingum”. Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

Afreksnefnd

Úlfar Jónsson kynnti þá umræðu sem fram fór á fundi afreksnefndar. Hann sagði framundan fjárfrek og stór verkefni. Áætlun afreksnefndar gerir ráð fyrir 41 milljón við þessi verkefni en áætlun stjórnar gerir ráð fyrir tæpum 36 milljónum. Því er ljóst að afrekssviðið þarf að auka tekjur með einhverjum hætti. Afreksnefnd lagði til að áætlun hvað varðar framlag GSÍ til Forskots verði sem fyrr 3,5 mkr. Framtíðarsjóður yrði stofnaður sem ætlaður yrði til uppbyggingarstarfs og verkefna því tengdu, t.d. sambærilegra verkefna og stelpugolf og viðburða í ætt við golfævintýri í eyjum. Ræddar voru fleiri leiðir til að gefa efnilegum ungum kyflingum kost á aukinni þjálfun, t.d. með stofnun golfbrauta í framhaldsskólum, áður en farið er í háskóla í USA.

Fjárhagsnefnd

Kristín Guðmundsdóttir gjaldkeri kynnti störf fjárhagsnefndar. Góðar umræður voru í nefndinni um fjárhagsáætlun 2016 og breytingar á félagagjöldum 2017. Samþykkt var að leggja til við þingið að fjárhagsáætlun yrði samþykkt svo til óbreytt, þó með þeirri breytingu að hækkað yrði framlag til Forskots um 2 milljónir, en lækkað yrði framlag til keppnisferða um samsvarandi upphæð. Þá er það tillaga nefndarinnar að stjórn GSÍ hafi heimild til að hækka félagagjald 2017 í samræmi við verðlagsþróun milli ára.



Nokkrar umræður voru á þinginu og lagði Margeir Vilhjálmsson til að félagagjald GSÍ yrði hækkað í 5.500 kr. til að mæta auknum kostnaði sambandsins við afreksstefnuna og var hún borinn upp til atkvæða. Tillagan var felld með 49 atkvæðum gegn 35.

Þá bar þingforseti upp tillögu Fjárhagsnefndar um að fjárhagsáætlun 2016 með þeirri breytingu sem fram kom frá nefndinni og var fjárhagsáætlunin samþykkt samhljóða.

Mótanefnd

Jón Júlíus Karlsson gerði grein fyrir störfum mótanefndar. Nefndin fékk til umræðu tillögu um framtíðarsýn Eimskipsmótaraðarinnar sem lögð var fram af stjórn GSÍ í framhaldi af vinnu nefndar um mótaraðina. Í tillögunum er gert ráð fyrir að mótum á Eimskipsmótaraðinni verði fjölgað í 8 og eins verði breytt stigauppsöfnun á mótaraðinni. Þá var tekin fyrir breytingartillaga frá nokkrum golfklúbbum um staðsetningu á Íslandsmótum og var samþykkt í nefndinni að tillögunni yrði breytt í samræmi við breytingartillöguna.

Þingforseti opnaði fyrir umræður um tillögu um “Framtíðarsýn Eimskipsmótaraðarinnar” með áorðnum breytingum og í framhaldi af því var hún borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Þá gerði Jón Júlíus grein fyrir umræðum um mótaskrá fyrir árið 2016 og er það tillaga nefndarinnar að henni verði vísað til stjórnar til endanlegrar útfærslu og var það samþykkt samhljóða.

13. Önnur mál

Gunnar Páll Pálsson óskaði eftir að leggja fram tillögu þess efnis að GSÍ beiti sér fyrir því hjá EGA að boðið verði upp á fleiri möguleika hvað varðar forgjafarútreikning en einungis á 9 og 18 holum eins og núverandi forgjafarkerfi EGA gerir ráð fyrir. Var það samþykkt samhljóða og tók Haukur Örn til máls og sagði að það yrði sitt fyrsta verk sem nýr stjórnarmaður í framkvæmdastjórn EGA að óska eftir að þetta yrði skoðað í forgjafarnefnd EGA.

14. Álit kjörnefndar

Ingi Þór Hermansson gerði grein fyrir tillögum nefndarinnar. Ekki komu fram önnur framboð og voru þær allar samþykktar einróma

Tillaga nefndarinnar er eftirfarandi:

Forseti: Haukur Örn Birgisson

Stjórn: Bergsteinn Hjörleifsson, Eggert Ágúst Sverrisson, Gunnar Gunnarsson, Hansína Þorkelsdóttir, Helgi Anton Eiríksson, Jón Júlíus Karlsson, Kristín Guðmundsdóttir, Rósa Jónsdóttir, Theódór Kristjánsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Endurskoðendur: Ómar Kristjánsson og Helga Harðardóttir. Til vara: Guðmundur Frimannsson og Auður Ósk Þórisdóttir.

Áhugamenskunefnd: Gísli Guðni Hall, Hafdís Helgadóttir og Guðmundur Friðrik Sigurðsson. Til vara: Helgi Bragason, Hildur Árnadóttir og Sigrún Ragna Ólafsdóttir.

Aganefnd: Guðmundína Ragnarsdóttir, Sigurður Geirsson og Jónatan Ólafsson. Til vara: Ingunn Ólafsdóttir, Bergsteinn Hjörleifsson og Eggert Eggertsson.

Forgjafar- og vallarmatsnefnd: Guðmundur Þ. Magnússon, Guðrún Jónsdóttir og Arnar Geirsson. Til vara: Ásgeir Eiríksson, Andrés I. Guðmundsson og Guðmundur Ólafsson.



Dómstóll GSÍ: Hjörleifur Kvaran, Tryggvi Guðmundsson og Guðmundur Sophusson.

Áfrýjunardómstóll GSÍ: Rúnar S. Gíslason, Bergþóra Sigmundsdóttir og Þorvaldur Jóhannesson. Til vara: Helga Melkorka Óttarsdóttir, Helgi Bragason og Þórir Bragason

Dómaranefnd: Hörður Geirsson, Sigurður Geirsson og Sæmundur Melstað. Til vara: Ingvi Árnason, Þorvaldur Jóhannesson og Þórir Bragason.

Kjörnefnd: Ingi Þór Hermannsson, Elsa Valgeirsdóttir, Auðunn Guðjónsson, Berglind Helgadóttir og Sigmundur Ófeigsson.

Kosning fulltrúa á Íþróttþing

Samþykkt var að vísa skipan fulltrúa á næsta Íþróttþing til stjórnar sambandsins til afgreiðslu.

Þingslit

Haukur Örn Birgisson forseti GSÍ þakkaði það traust sem honum var sýnt og bauð nýja stjórnar- og nefndarmenn velkomna til starfa fyrir golfhreyfinguna. Að því loknu óskaði hann þingfulltrúum velfarnaðar í störfum sínum og góðrar heimferðar.